



Menntamálanefnd Alþingis
berist til Þorsteins Magnússonar.

Alþingi
Erindi nr. Þ 115/1688
komudagur 17/3 1992

Akureyri 16. mars 1992

Háskólanefnd Háskólans á Akureyri hefur lesið frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Eftirfarandi atriði eru til ihugunar:

- 1) Skynsamlegt virðist að efla Lánasjóð með því að gera hátekjufólki, sem þegið hefur tiltölulega lág lán, að greiða þau hraðar en mælt er fyrir um í lagafrumvarpinu (sjá 8. gr.).
- 2) Taka þarf af öll tvímæli um það að endurgreiðslur falli niður eftir að lánþegi hefur náð 67 ára aldri (sjá 9. gr.).
- 3) Ábending frá Háskólaráði Háskóla Íslands þess efnis að e.t.v. mætti nýta nokkurn hluta ríkisframlags sem styrki, er allrar athygli verð.
- 4) Ákvæði um endurgreiðslur, þar sem svo háttar að greiðandi hefur tekið lán eftir bæði eldri lögum og nýrri, þyrftu að vera ögn skýrari en þau eru í umræddu frumvarpi.
- 5) Til greina kæmi að veita námslán á sömu kjörum og í dag en þó nokkuð lægri en nú er og gefa síðan fólki kost á viðbótarláni með markaðsvöxtum.
- 6) Fulltrúar stúdenta í Háskólanefnd leggja áherslu á að þess sé gætt að þungi endurgreiðslna verði ekki jafn skjóttur og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
- 7) Við lestur Fylgiskjals 2 næst raunhæfur samanburður milli Íslands og annarra Norðurlanda því aðeins að gert sé ráð fyrir að ráðstöfunartekjur lánþega séu nokkurn veginn þær sömu í öllum löndunum.
- 8) Hæpið er að hætta við lán til sérnáms þótt það sé ekki á háskólastigi. Líta verður á þjóðhagslega hagkæmni og einstaklingshag fremur en hvort um er að ræða háskólanám eða ekki.
- 9) Varðandi niðurfellingu ákvæðis um lífeyrissjóðsgreiðslur verður að ítreka að mikilvægt er að fólk haldi lífeyrisréttindum sínum þótt það fari utan til framhaldsnáms.

- 10) Rétt er að veita heimild til lántökugjalda til þess að greiða rekstrakostnað, en reyna engu að síður að halda slíkum kostnaði í algjöru lágmarki.
- 11) Það orkar tvímælis að veita ekki námsaðstoð fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur, t.d. ef veikindi ber að höndum.
- 12) Lagt er til að Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefni fulltrúa í stjórn LÍN.

Virðingarfyllst,
f.h. Háskólanefndar
Háskólans á Akureyri



Haraldur Bessason
rektor